

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 335. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 4. júní 2020 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Kosning forseta bæjarstjórnar til eins árs.
- 2) Kosning 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar til eins árs.
- 3) Kosning þriggja aðila og jafnmargra til vara í bæjarráð til eins árs.
- 4) Fundargerð 137. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. maí 2020.
- 5) Fundargerð öldungaráðs, dags. 18. maí 2020.
- 6) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 19. maí 2020.
- 7) Fundargerð 106. fundar stjórnar FSS, dags. 19. maí 2020.
- 8) Fundargerð aðalfundar Jeratúns ehf., dags. 29. maí 2020.
- 9) Fundargerð 60. stjórnarfundar Jeratúns ehf., dags. 29. maí 2020.
- 10) Fundargerð 178. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 21. apríl 2020.
- 11) Fundargerðir stjórnarfunda Sorpurðunar Vesturlands, dags. 26. febrúar, 17. apríl og 25. maí 2020.
- 12) Fundargerð 422. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 27. apríl 2020.
- 13) Fundargerð 883. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 8. maí 2020.
- 14) Fundargerð 884. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. maí 2020.
- 15) Fundargerð 58. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 8. maí 2020.
- 16) Aðalfundarboð Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 15. júní 2020.
- 17) Aðalfundarboð Sorpurðunar Vesturlands, dags. 15. júní 2020.
- 18) Aðalfundarboð Lánaþjóðs sveitarfélaga, dags. 12. júní 2020.
- 19) Aðalfundarboð Landskerfis bókasafna, dags. 11. júní 2020.
- 20) Tillaga til bæjarstjórnar frá öldungaráði, varðandi akstur eldri borgara.
- 21) Bréf frá Motocrossklúbbi Snæfellsbæjar, dags. 11. maí 2020, varðandi ósk um styrk.
- 22) Bréf frá Elvu Hreiðarsdóttur, dags. 12. maí 2020, varðandi ósk um styrk.
- 23) Fyrirspurn frá fulltrúum J-listans, dags. 2. júní 2020, varðandi útboð á viðgerð á grjóthleðslu í Bæjargilinu í Ólafsvík.
- 24) Tillaga frá fulltrúum D-listans, dags. 2. júní 2020, varðandi tímabundinn afslátt af gatnagerðargjöldum á íbúðarhúsalóðum í þéttbýli Snæfellsbæjar.
- 25) Bréf frá Sigrúnu Karlsdóttur, náttúruvárstjóra hjá Veðurstofu Íslands, dags. 25. maí 2020, varðandi vöktun svæðisins við Snæfellsjökul.
- 26) Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 14. maí 2020, varðandi fjármál sveitarfélaga í kjölfar COVID-19.
- 27) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 25. maí 2020, varðandi fjármál sveitarfélaga í kjölfar COVID-19.
- 28) Bréf frá Orkusjóði, dags. 20. maí 2020, varðandi samþykkt styrkumsóknar um uppsetningu varmadælu á Jaðri.
- 29) Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar.
- 30) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 2. júní 2020
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Drífa Skúladóttir Halldór
Kristinsson Illugi Jens Jónasson
Davíð Viðarsson Magnús
Eiríksson Kristjana
Hermannsdóttir

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 137137. fundur umhverfis- og
skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 27. maí 2020
og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Valgerður Hlín Krstmannsdóttir og Matthías Páll Gunnarsson.

Fundargerð ritaði: Andri Viðar Kristmannsson, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Sandholt 45_Byggignarleyfi fyrir bílskúr og sólskála - 1911004

Inga Fanney sækir um byggingarleyfi fyrir bílageymslu og sólskála við austurhlið húss. Einnig er sótt um að setja pall við 1. hæð norðurhlið húss.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

2. Ölkelda_Umsókn um byggingarleyfi fyrir hlöðu - 2004005

Ölkeldubúið ehf sækir um byggingarleyfi fyrir steinsteyptri nýbyggingu við lausagöngufjós.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Huga þarf að slökkvivatni.

Samþykkt

3. Hraunás 18_Umsókn um byggingarleyfi fyrir bílskúr - 2005004

Guðrún Lára Pálmadóttir sækir um byggingarleyfi fyrir því að byggja timburbílskúr.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en frestar málinu. Nefndin óskar eftir frekari gögnum og samtali við eigendur.

Jákvætt

77

4. Stekkjarholt 3_Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu - 2005006

Hilmar Þór Hauksson sækir um byggingarleyfi fyrir 10,5 fermetra viðbyggingu fyrir þvottaaðstöðu við Stekkjarholt 3.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en fer fram á grenndarkynningu.

Samþykkt

RR

MK

5. Skálholt 15_Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum á þakkannti. -

AA

MP

MS

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

2005007

Magnús Eiríksson sækir um byggingarleyfi fyrir því að klæða þakkant með lituðu áli.
Magnús víkur af fundi.

Umhverfis- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

Magnús kemur inn.

Samþykkt

6. Golfvöllur á Rifi_Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir vatnslögn. - 2005008

Snaefellsbær sækir um framkvæmdarleyfi fyrir vatnslögn að golfvellinum á Rifi frá lögn við enda flugbrautar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdarleyfi fyrir vatnslögn að golfvellinum á Rifi.

Samþykkt

7. Bæjartún_Knattspyrnudeild Víkings Ó. sækir um leyfi til að setja upp gáma fyrir sjónvarpsútsendingar - 1903002

Hilmar Þór Hauksson sækir um fyrir hönd Víkings Ó um stöðuleyfi fyrir fjöldmiðlagám við íþróttahús.

Umhverfis- og skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa og formanni nefndarinnar að leita lausna á aðstöðu fyrir upptökur.

Í vinnslu

8. Háarif 43_Fyrirspurn varðandi sólstofu - 2005005

Sæmundur Kristjánsson liggur inn fyrirspurn fyrir sólstofu/skála til vesturs.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið.

Jákvætt

9. Ennisbraut 37_Umsókn um færslu á ljósastaur - 2005001

Anton Gísli Inglófsson sendir inn umsókn um færslu á ljósastaur fyrir framan Ennisbraut 37, Ólafsvík.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir 1 til 2 metra færslu á ljósastaur. Að því gefnu að eigandi greiðir sjálfur fyrir færsluna og unnið verði í samráði við Rarik.

Samþykkt

10. Rætt við aðila Vegagerðarinnar um umferðar- og vegamála í Snæfellsbæ - 1908005

Rætt við aðila Vegagerðarinnar um virkar hraðahindranir og umferðarmál í Snæfellsbæ.

Katrín Halldórsdóttir og Birgitta Rán Ásgeirs dóttir frá Vegagerðinni komu og ræddu um virkar hraðahindranir.

Finna þarf staðsetningu hraðahindranirnar. Huga þarf að hraða fyrir hraðahrindrunina.

Rætt var um hraða í kríuvarpi og hraða við Djúpalónssand.

Kynnt

77

M.K.

M.L.

M.P.A.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

11. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2020 - 2002014

- Girðing við ærslabelg

Samþykkt girðingu en bendir á að bæta þurfi merkingar t.d. börn að leik.

- Lækkun hraða við Rif

Kynnt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

Filipi Þorfinnus

Hallðor Kristján
Krisjana Hermansdótt.

Napni mið

Matthías Þórhil Gumarsson

Fundur haldinn í Öldrunarráði í fundarsal skrifstofu Snæfellsbæjar, mánudaginn 18. maí 2020 kl 13.30

Mætt : Margrét Vigfúsdóttir formaður, Jón Guðmundsson, Erla Laxdal, Jóhanna Gunnarsdóttir og Ragnheiður Víglundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Margrét setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Áframhaldandi heilsuefling. Margrét sagði frá því að hún væri að bíða eftir svari frá Crofit á Rifi hvernig framhaldið verði þar fyrir félaga í eldri borgarafélaginu. Snæfellsbær hefur gert samkomulag við Crofit Rifi og Sólarsport í Ólafsvík fyrir árið 2020, sem verður endurskoðað í janúar 2021
2. Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur kom á fundinn kl. 14.00, sagði hún frá því hvað heilsugæslan er að bjóða uppá. Hægt er að sækja um heimahjúkrun frá sjúklingi sjálfum, aðstandanda, sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum. Uppfylla þarf ákveðnar kröfur sem heilsugæslan metur. Nefndi hún líka að hægt er að útskrifast úr heimahjúkrun, t.d. ef fólk verður fyrir því að brotna og nær sér að fullu. Heimahjúkrun er eingöngu á dagvinnutíma. Heilsugæslan hefur séð um líknandi meðferð í samvinnu við aðstandendur, einnig eru lyfjagjafir veittar ef þess er óskað og fleira. Kom fram hjá Fanný Berit að leggja þurfi meiri áherslu á félagslega þjónustu fyrir fólk svo það geti verið lengur heima.
3. Efla samstarf félagsþjónustu og heilsuþjónustu.

Fundi slitið kl 15.00

Fundur 19/5 2020 í ráðhúsi Snæfellsbæjar kl 20

Mættir: Auður, Hermína, Inga, Þorbjörg, Sigrún, Guðrún Kristins, Hilmar, Gunnsteinn og Monika

Vantar: Kristgeir og Valentinu

1. Leikskólar

Vegna Covid-19 faraldursins hafa undanfarnar vikur verið erfiðar. T.d. einungis 2 inngangar að byggingunni á Krílakoti og töluvert plássleysi sem gerði starfsfólki erfitt að fylgja ráðleggingum vegna faraldursins. Þess utan er húsnaðið engan vegin að uppfylla þær lágmarks kröfur skv reglugerð um starfsumhverfi leikskóla frá Menntamálaráðuneytinu frá árinu 2009. Inga tekur það fram að starfsmenn hafa staðið sig ótrúlega vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

Töluvert hefur verið um langvarandi veikindi starfsmanna á Krílakoti.

Opið hús og útskrift verður 25.maí á Kríubóli, ekki komin dagsetning á Krílakoti. Stefnt á að allt fari fram úti og fjölskyldur hvattar til að vera saman til að fylgja reglum.

Leikskóladagatal 2020-2021:

Starfsdagar skipulagðir í samræmi við starfsdaga GSNB.

Umræða um nýja kjarasamninginn hjá SDS, t.d. stytting vinnuvikunnar og lengingu orlofs.

Samningur hjá Tröppu sagður upp. Einungis hefur eitt barn nýtt sér þetta það sem af er ári. Báðir leikskólarnir hafa sérkennara sem hafa verið að sinna þessari þjónustu vel og munu koma til með að halda því áfram.

2. Grunnskólinn

Skólastarf hefur gengið vel þrátt fyrir krefjandi tímabil vegna Covid-19. Starfsfólki var skipt upp í 17 teymi og þar með settar upp 17 kaffistofur til að tryggja að engin „krossaði“. Allir inngangar voru notaðir. Kennsludagarnir voru styttir niður í 26-32 klst á viku. Börnunum virtist hafa liðið vel. Engin veikindi hjá starfsmönnum. Mikil ánaegja með jákvæðni og áraðni starfsfólks. Allir stóðu saman og leystu málin.

Skólinn er kominn í „vorgírinn“ og heldur sínu striki.

Skólaslitin verða ekki hefðbundin. Ákveðið hefur verið að færa ratleik, sem hefur venjulega verið næst síðasta skóladag, yfir á síðasta skóladag. Dagurinn endar svo á grilli og afhendingu einkunnarspjalda á fótboltavellinum.

Útskrift 10.b. verður á Klifi. Fjölskyldur velkomnar. Lýsuhóls krakkarnir verða með útskrift á Lýsuhóli.

Það lítur út fyrir fækkun á nemendum, 26 að útskrifast í vor og 18 nýjir í haust.

Drög að skóladagatali 2020-2021:

4 vetrarfrísdagar, 2 fyrir jól og 2 eftir jól. Hilmar vonar það besta en reiknar með því versta hvað varðar Covid-19 faraldurinn og skipuleggur því vetrarfrís-dagana út frá því ef það skildi koma önnur „Covid-bylgja“.

3. Önnur mál

Allir fundarmenn sammála um hversu gott skipulag var í GSNB á meðan að samkomubannið stóð yfir, þ.e. að allir nemendur gátu mætt í skólann alla daga og haldið rútinu að mestu leyti.

Starfsmannamál í GSNB fyrir næsta skólaár í ágætu standi. Það vantar í kennarastöður en það fer að skýrast.

Starfsmannamál á leikskólunum fyrir næsta skólaár lítur ágætlega út en nú eru 2 starfsmenn í langvarandi veikindaleyfi og því einhver óvissa.

Umræða um fyrirkomulag næsta vetur. Allir sammála um að funda annan hvern mánuð (2 fyrir jól og 2-3 eftir jól) og þá fyrsta mánudag í þeim mánuðum Næsti fundur verður því mánudaginn 7.september kl 20 og svo mánudaginn 2.nóvember kl. 20.

Fundi slitið kl 21.20.



FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

Fundargerð 106. fundar stjórnar FSS

Fundarstaður: „Teams“ fundur, Snæfellsnesi
Dagsetning: þriðjudaginn 19. maí 2020
Fundartími: Kl. 11.30
Mættir: Stjórn FSS; Kristinn Jónasson, formaður, Björg Ágústs dóttir og Jakob Björgvin Jakobsson og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS. Á fundinn mættu þær Anna María Práinsdóttir, forstöðumaður Verkís og Anna Margrét Hauksdóttir, arkitekt AVH

Dagskrá: **Meðferð mál**

1. Kristinn Jónasson, formaður stjórnar, bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stýrði.
2. **Tilboð í byggingu íbúðakjarna fatlaðs fólks að Ólafsbraut 62 – 62 í Ólafsvík kynning – umræða - afgreiðsla**
Anna Margrét frá AVH og Anna María frá Verkís gerðu grein fyrir tilboðum er bárust í byggingu þjónustuþbúðakjarna FSS. Verkís og AVH annast sameiginlega úrvinnslu, mat og greinargerð vegna tilboða til að leggja fyrir stjórn innan skamms.
Anna María og Anna Margrét viku þær því næst af fundi.
3. **Samþykkt og bókun stjórnar á fjármögnun byggingar þjónustuþbúðakjarna FSS og umboð til forstöðumanns til að undirrita skuldbindingar FSS hjá Lánsjóði sveitarfélaga**
kynning - umræða - afgreiðsla

Svohljóðandi bókun samþykkt samhljóða:

„Húsnaðis- og mannvirkjastofnun
Laufey Lind Sigurðardóttir, sérfraeðingur!
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Snæfellsnesi, 19. maí 2010

Á fundi stjórnar Félags- og skólapjónustu Snæfellinga, í dag, þann 19. maí 2020, var eftirfarandi fjármögnun byggingar þjónustuþbúðakjarna fatlaðs fólks, að Ólafsbraut 62 – 66 í Ólafsvík samþykkt samhljóða. Jafnframt staðfestir stjórnin umboð forstöðumanns FSS til að undirrita fjárhagsskuldbindingar FSS vegna lántoku hjá Lánsjóði sveitarfélaga sem og umsókn FSS um stofnframlög og byggðaframlag hjá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun:

Byggingarkostnaður

1. Byggingarkostnaður án bílgeymslu m.kr. 285.249.236
2. Byggingarkostnaður bílastæðis m.kr. 4.000.000
3. Lóðarverð og opinber gjöld m.kr. 3.369.594

Samtals stofnvirði framkvæmdakostnaðar m.kr. 292.618.830



FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

Fjármögnun

| | | | |
|-------------------------------|-----|-------|----------------|
| 1. Stofnframlag HMS | 22% | m.kr. | 64.376.143 |
| 2. Stofnframlag Snæfellsbæjar | 12% | m.kr. | 35.114.260 |
| 3. Sérst. Byggðaframlag | 8% | m.kr. | 23.408.508 |
| 4. Lán Láanasj.svfélaga | | m.kr. | 27.582.000 * |
| 5. Eigið fé FSS | | mkr. | 142.137.119 ** |

Samtals fjármögnun framkvæmdar m.kr. 292.618.830

Skýringar:

- *LS, lánst. 15 ár, vextir 1.55%, 2 gjd pr ár; afb. árs mkr. 1.838.800; vaxtakostn. árs kr. 414.458
- ** Samanlagt eiginfjárframlag FSS skv. tl. 2 og 5 því mkr. 177.251.379
- Bókfærð eiginfjárstaða FSS í árslok 2019 er áætluð kr. 201.477.755; skuldir og eigið fé.
Þar af er bókfærð tala, „framlög v. byggingarkostnaðar“ kr. 157.528.531.
Því álitamál hvort lækka beri 5. tl. um þennan mismun og hækka 4. tl.
um sömu upphæð , m.kr.19.722.848“

Snæfellsnesi, 19. maí, 2020
Stjórn Félags-og skólapjónustu Snæfellinga bs.,

Kristinn Jónasson, formaður (sign.)

Björg Ágútsdóttir (sign.)

Jakob Björgvin Jakobsson (sign.)

Fundi frestað kl. 12.25 þar til kl. 10.00 miðvikudaginn 20. maí

Fundi haldið áfram miðvikudaginn 20. maí kl. 10.00

4. Heimild til viðbótarstöðugildis í Ásbyrgi

kynning – umræða – afgreiðsla

Forstöðumaður óskar heimildar stjórnar til stofnunar viðbótarstöðugildis í Ásbyrgi í Stykkishómi, dagþjónustu- og vinnustaðar fólks með skerta starfsgetu. Forstöðumaður kynnti tildög málss.

Frekari umfjöllun og afgreiðslu málss frestað til næsta fundar

5. Önnur mál

kynning – umræða

Forstöðumaður boðar til næsta fundar þegar greinargerð Verkís og AVH um úrvinnslu tilboða liggur fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.45

Fundarritari: SPE

Fundargerð aðalfundar Jeratúns ehf.

Aðalfundur Jeratúns ehf., kt. 501203-2030, haldinn í Ráðhúsi Grundarfjarðar föstudaginn 29. maí 2020, kl. 11:00.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur 2019 lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðanda.
5. Tekin ákvörðun um hagnað eða tap félagsins.
6. Tekin ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á árinu.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Formaður stjórnar, Jakob Björgvin Jakobsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Jakob Björgvin Jakobsson var kjörinn fundarstjóri og Sigurlaug R. Sævars dóttir fundarritari.

Boðun fundarins og mæting

Fundarstjóri gerði grein fyrir 11. og 12. gr. í samþykktum félagsins um fundarboðun og lögmæti hluthafafunda. Til fundarins var boðað í samræmi við 11. gr. samþykktta félagsins, sbr. og 63. gr. laga nr. 134/1994, um einkahlutafélög. Á fundinn voru mættir umboðsmenn þriggja hluthafa félagsins sem fara samtals 99% af hlutafé félagsins og atkvæðisrétt til samræmis við það. Að þessu gættu lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Eftirfarandi stjórnarmenn voru mættir á fundinn; Jakob B. Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, og Björg Ágústsdóttir. Einnig var mætt Sigurlaug R. Sævars dóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið er til dagskrár.

1. Rekstur og hagur félagsins á liðnu starfsári

Jakob Björgvin Jakobsson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu ári.

Það er sérstaklega ánægjulegt að ekki þurfi að auka hlutafé félagsins á árinu, sem er í fyrsta sinn í stofnun félagsins.

2. Ársreikningur 2019 lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2019 lagður fram til staðfestingar.

Fundarstjóri lagði ársreikning 2019 undir atkvæði hluthafa. Samþykkt samhljóða.

3. Kosning stjórnar

Tillaga lögð fram um að stjórn félagsins skipi eftirfarandi aðilar:

- Jakob Björgvin Jakobsson, formaður
- Kristinn Jónasson
- Björg Ágústsdóttir

Varastjórn:

- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir
- Björn Hilmarsson





- Jósef Ó. Kjartansson.

Samþykkt samhljóða.

4. Kosning endurskoðanda

Lagt til að Deloitte ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfyrirtæki félagsins.

Samþykkt samhljóða.

5. Ráðstöfun rekstrarhagnaðar eða taps félagsins

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Samþykkt samhljóða.

6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á árinu

Lagt er til að áfram verði engin þóknun greidd til stjórnarmanna vegna starfa sinna. Endurskoðendur fá greitt skv. reikningi.


Samþykkt samhljóða.

7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin


Engin önnur mál.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:24.



Jakob Björgvin Jakobsson
Fundarstjóri



Sigurlaug R. Sævarsdóttir
Fundarritari



Jeratún ehf. kt. 501203-2030

Fundargerð

**60. stjórnarfundur Jeratúns ehf.,
haldinn föstudaginn 29. maí 2020, kl. 11:25 í Ráðhúsi Grundarfjarðar**

Mætt: Jakob Björgvin Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir og Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Söguskilti

Lagt fram erindi frá Hrafnhildi Hallvarðsdóttur, skólameistara Fjölbautaskóla Snæfellinga, þar sem velt er upp þeirri hugmynd að sögu lóðar Jeratúns og fyrri búsetu verði gert hærra undir höfði með myndum og fróðleik.

Samþykkt samhljóða að gert verði söguskilti og skólameistara og Grundarfjarðarbæ falin framkvæmd þess.

2. Rafhleðslustöð á lóð FSN

Lagt fram erindi frá Hrafnhildi Hallvarðsdóttur, skólameistara Fjölbautaskóla Snæfellinga, þar sem lögð er fram sú hugmynd að sett verði upp rafhleðslustöð á lóð FSN.

Stjórnin tekur jákvætt í að rafhleðslustöð verði sett upp á bílastæði/um á lóð skólans og óskar eftir frekari tillögum FSN að útfærslunni.

3. Viðhaldssáætlun

Lögð fram og rædd viðhaldssáætlun FSN vegna húsnæðis og lóðar.

Samþykkt samhljóða viðhaldssáætlun 2020, en stjórn óskar eftir fundi með forsvarsmönnum FSN í águst vegna framkvæmda og viðhalds árið 2021. Framkvæmdastjóra falið að koma á fundi milli aðila.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:11.

Kristinn Jónasson

Jakob Björgvin Jakobsson

Björg Ágústsdóttir

Sigurlaug R. Sævarsdóttir



178. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 21. apríl 2020, á Skype

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Guðríður Þorvarðardóttir og Eyjólfur Bjarnason.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:00.

Fundargerð 177. fundar

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fjármál 2020

Farið yfir fjármál nefndarinnar. Enn hafa ekki borist skýrar upplýsingar frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi fjármál nefndarinnar.

Afgreiðsla:

Hafa þarf samband við umhverfis- og auðlindaráðuneyti og fá óyggjandi upplýsingar um stöðu fjármála og flutning fjárheimilda á milli ára.

Erindi frá Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla: styrkbeiðni.

Óskað er eftir styrk vegna útiskiltasýningar, *Miðstöðvar og mangarar í Breiðafirði*.

Afgreiðsla:

Vegna fjárhagsstöðu sér nefndin sér ekki fært um að veita styrk til verkefnisins að svo stöddu. Nefndin telur þó að um mjög áhugavert verkefni sé að ræða.

Erindi frá Umhverfisstofnun: áform um stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar áformum um stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Erindi frá Umhverfisstofnun: áform um endurskoðun á friðlýsingu Flateyjar á Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar áformum um endurskoðun á friðlýsingu Flateyjar á Breiðafirði.

Erindi frá Dalabyggð: ósk um umsögn um skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.

Erindi lagt fram.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsingu fyrir endurkoðun á aðalskipulagi Dalabyggðar.

Skrá yfir friðlýst æðarvörp í umdæmi sýslumannsins á Vesturlandi.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

Mögulegt brotnám skipsins Blíðu sem sökk á Breiðafirði.

Eyjólfur lagði fram fundargerð frá fundi Umhverfisstofnunar, Rannsóknaneftndar samgönguslysa og Dalabyggðar, frá 20. mars 2020, um mögulegt brotnám Blíðu SH-227 sem sökk á Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar áformum um brotnám Blíðu SH sér í lagi vegna mengunarhættu. Breiðafjarðarnefnd telur eðlilegt að nefndin sé upplýst um slík mál.

Landvarsla við Breiðafjörð.

Skýrsla Umhverfisstofnunar um landvörslu við Breiðafjörð 2019 lögð fram.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar því að verkefnið hafi verið unnið og telur að um mikilvægt skref hafi verið að ræða fyrir verndarsvæðið. Í skýrslunni er að finna góðar tillögur að úrbótum á einstaka svæðum og útfærslu landvörslu á svæðinu.

Ein af meginriðurstöðum verkefnisins er sú að mikilvægt sé að festa í sessi og efla landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar, sér í lagi yfir sumartímann. Í ljósi þessa hvetur Breiðafjarðarnefnd umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun til þess að halda þessu góða starfi áfram og tryggja fjármagn í landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar yfir sumartímann.

Framtíð Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Fræðslufundum sem halda átti í Dalabyggð, á Reykhólum og í Vesturbyggð var frestað vegna samkomubanns. Nýjar tímasetningar verða auglýstar síðar, vonandi með haustinu.

Bréf frá bæjarstjórn Snæfellsbæjar 6. apríl lagt fram þar sem bæjarstjórn kom á framfæri þeiri skoðun sinni að skynsamlegt væri af nefndinni að velta fyrir sér þeim kostum sem í boði eru varðandi framtíð Breiðafjarðar. Bæjarstjórn taldi einnig skynsamlegt af nefndinni að kynna kostina fyrir almenningi á íbúafundum.

Staða kostaðra og styrktra verkefna

- Öryggis- og umgengnisbæklingur, Náttúrustofa Vesturlands og Anok.
 - Sendur í prentun.
- Fornminjakort í Flatey, Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.
 - Kortið afhent fullmótað til prentunar og/eða netútgáfu, skv. samningi.
 - Athugasemendum nefndarinnar komið á framfæri við Fornleifafélagið.



- Kortið verður birt á heimasíðu nefndarinnar auk þess sem nefndin skoðar möguleika á prentun.
- Búsvæðanýting fiskseiða á innanverðum Breiðfirði, Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum.
 - Í vinnslu. Anja Nickel, doktorsnemi, er að vinna handrit til birtingar byggt á þeim gögnum sem safnað var. Skýrslunni verður skilað samhliða þeirri grein.
- Örnefnaskráningar 2020, Náttúrufræðistofnun Íslands.
 - Verkefni hefur verið skilgreint og er hafið. Skil áætluð í nóvember 2020.

Önnur mál.

Skipulagðar kajakaferðir um Breiðafjörð með viðkomu í eyjum.

Stjórn Æðarræktarfélags Íslands sendi Mast, UST og Ferðamálastofu erindi þar sem vakin var athygli á kajakferðum erlendar ferðaskrifstofu um Breiðafjörð með viðkomu í eyjum án samráðs við landeigendur. Kajakarnir eru innfluttir án þess að vera sótthreinsaðir og dregnir upp á land meðal annars þar sem æðarvarp er. Nú þegar fuglakólera hefur komið upp í æðarvarpi á Íslandi getur verið varhugavert að draga kajaka upp á land þar sem æðarrækt er stunduð á meðan ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða smit þeir geta mögulega borið með sér.

Tölvupóstur frá varamanni

Aðferðir við boðun funda og upplýsingar til varamanna. Erindið borið undir umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Heimilt er að boða varamenn á fundi en það er þá ákvörðun nefndarinnar. Ef varamenn eru boðaðir á fund ásamt aðalmönnum er aðeins greitt fyrir fundasetu aðalmanns. Í þeim tilfellum sem varamenn þurfa að mæta á nefndarfund fyrir sína aðalmenn fá þeir fundargögn í tíma. Aðalmönnum er uppálagt að halda sínum varamönnum upplýstum.

Vettvangsferð sumarsins.

Rætt um svæði sem vilji er fyrir að heimsækja. Leita eftir tilboðum.

Næsti fundur:

Áætlaður þriðjudaginn 19. maí sem fjarfundur.

Fundi slitið kl. 12:00

卷之三

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七

七



F U N D A R G E R Ð

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 26. febrúar 2020 kl. 16:00 í Borgarnesi

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Sævar Jónsson, Karitas Jónsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Finnbogi Leifsson og Unnur Þóra Sigurðardóttir. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri. Gestur fundarins var Stefán Gíslason, ráðgjafi hjá UMÍS sem sat fundinn undir lið nr. 2.

1. Fundargerð síðasta fundar 11. desember 2019.

Samþykkt og undirrituð.

2. Vinna við matáætlun og umhverfisvöktun.

Stefán Gíslason kom inn á fundinn.

Lögð fram drög að frummatsskýrslu vegna stækkunar starfsleyfis í landi Fíflholta á Mýrum. Mat að umhverfisáhrifum.

Stefán fór yfir efni skýrslunnar.

Lífleg umræða fór í gang um efni skýrslunnar. Niðurstaðan er sú að formaður stjórnar mun setja fyrstu athugasemdir inn í skjalið. Siðan koma aðrir stjórnarmenn með sínar athugasemdir. Að því loknu fer skjalið að nýju til Stefáns sem verður í sambandi við framkvæmdastjóra vegna málsins.

Stefán yfirlætur fundinn.

3. Drög að ársreikningur óendurskoðaður

Drög að ársreikningi lögð fram og fór framkvæmdastjóri yfir þau.

KPMG er með reikninginn í löggiltri endurskoðun og er því reikningurinn lagður fram með fyrirvara. Framkvæmdastjóra falið að koma athugasemdum til KPMG. Aðalfundur verður haldinn 1. apríl nk.

4. Breyting á gjaldskrá.

Framkvæmdastjóri lagði til breytingu á gjaldskrá. Bæta inn í gjaldskrána tveimur úrgangsflokkum:

19 08 01, ristarúrgangi

19 08 02 Úrgangur úr sandfangi

Báðir þessir flokkar tengjast úrgangsflokki nr. 20 03 04, eðja frá rotþrómu og skólphreinsun.

Opnað var fyrir móttöku veiðarfæra frá og með síðustu áramótum, þ.e. þann flokk sem fara á í urðun en aðeins hluti veiðarfæra má koma til

urðunar. Af hættu við misnotkun á veiðarfæramóttöku leggur framkvæmdastjóri til að í gjaldskrá komi fram:

Séu veiðarfæri ekki flokkuð með tilskyldum hætti verða þau flokkuð á móttökustað og send til frekari flokkunar í Skipatækni á kostnað þess sem með þau kemur hverju sinni.
Samþykkt.

5. Troðari – tilboð

Borist hefur tilboð í nýjan troðara frá Vélafli upp á 64,9 m.kr. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að afla gagna áður en stjórn tekur endanlega ákvörðun um kaupin.

6. Rekstur í Fiflholtum

a. Magntölur og vinna við grænt bókhald.

Á árinu 2019 voru urðuð 17.548 tonn af úrgangi. Einnig var tekið við kurluðu timbri til yfirlags í urðunarrein 2.498 tonn.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu við grænt bókhald félagsins.

b. Kyndill og viðhald frá söluaðilum

Lagt fram minnisblað frá ráðgjafafyrirtækinu ReSource en söluaðili frá Bretlandi, frá Landfill Systems kom til landsins þann 4. febrúar sl. og fóru yfir helstu atriði er varða viðhald á kyndlinum og stillingar á stjórnþúnaði hans.

Minnisblað ReSource rætt. Þar er m.a. mælst til þess að setja upp sjálfvirka leið til að tæma vatnslás sem er við gasinntak kyndilsins. Framkvæmdastjóra falið að fá verð í uppsetningu kerfisins.

c. Hræbrennsluofn – matsskylda.

Lögð fram drög að erindi til Skipulagsstofnunar varðandi matskyldu brennsluofns fyrir dýrahræ.

d. Boðuð verkföll

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir boðun verkfalls frá Kili, stéttarfélagi. Boðað verkfall mun hafa áhrif á starfsemi í Fiflholtum ef af verður.

7. Samráðsfundur með fulltrúum Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Umhverfisstofnunar 19.2.2019

Lögð fram fundargerð frá fundinum. Framkvæmdastjóri reifaði fundinn.

8. Uppkast að samningi við SORPU bs.

a. Lagður fram til kynningar og umræðu. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri haldi áfram viðræðum . Ásta Kristín sat hjá við atkvæðagreiðslu.

9. Samráðsnefnd SV hornsins

Lögð fram fundargerð frá 24. janúar 2020

10. Umsagnir þingmála

Umsögn um lög um meðhöndlun úrgangs. -

Afgreiðslu frestað.

11. Önnur mál.

a. **Persónuverndarstefna og verklagsreglur**

Málið kynnt.

b. **Vinna við bókhald og sjálfvirkni í færslum milli heimabanka og DK kerfis.**

Kynnt.

c. **Sævar Jónsson**, las upp bókun frá bæjarfulltrúum sjálfstæðisflokkssins á Akranesi um framtíð hirðu, endurvinnslu og eyðingu sorps hjá Akraneskaupstað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:57.

HBJ



F U N D A R G E R Ð

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn föstudaginn 17. apríl 020 kl. 15:00 í fjarfundi í gegnum internetið.

Mættir voru: Kristinn Jónasson, Finnbogi Leifsson, Unnur Þóra Sigurðardóttir, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Sævar Jónsson, Karitas Jónsdóttir og Eyjólfur Ingvi Bjarnason. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir framkvæmdastjóri, sem einnig ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar 26. febrúar 2020.

Staðfest en undirrituð síðar.

2. Ársreikningur og grænt bókhald 2019

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning Sorpurðunar Vesturlands fyrir árið 2019. Formaður gerði það að tillögu sinni að arðgreiðsla yrði engin þetta árið. Finnbogi gerði tillögu um 15% arð. Kom því til atkvæðagreiðslu. Finnbogi og Ásta Kristín sögðu já. Kristinn og Sævar Nei. Eyjólfur, Karitas og Unnur Þóra sátu hjá.

Greidd tillaga um engan arð til eigenda félagsins. Finnbogi og Ásta Kristín sögðu nei. Sævar, Kristinn og Unnur Þóra sögu já, aðrir sátu hjá. Því er samþykkt að enginn arður verði greiddur vegna ársins 2019. Ársreikningur samþykktur og vísað til aðalfundar, sem hefur ekki verið dagsettur.

Framkvæmdastjóri kynnti grænt bókhald fyrirtækisins.

Magn úrgangs til urðunar á árinu 2019 fór yfir leyfilegt magn í starfsleyfi sem er 15.000 tonn. Samtals voru urðuð 17.548 tonn árið 2019. Einnig var tekið við kurluðu timbri alls, 2.498 tonn sem notað er til yfirlags í urðunarreinum. Heildarmagn úrgangs og yfirlagsefna er því 20.046. tonn. Framkvæmdastjóri kynnti grænt bókhald fyrirtækisins.

Grænt bókhald og ársreikningur samþykkt og undirritun stjórnarmanna og framkvæmdastjóra mun fara fram rafraðent í ljósi aðstæðna kórónuveitunnar.

3. Troðari - nánar frá síðasta fundi.

Framkvæmdastjóri fór yfir það hvað gerst hafði frá síðasta stjórnarfundi Sorpurðunar en skoðað var með aðrar leiðir sem ekki reyndust framkvæmanlegar. Framkvæmdastjóri lagði áherslu á það að endurnýjun tækisins væri brýn.

Í ljósi þess að gengið hefur breyst um 15% hefur tækið hækkað verulega í verði. Var samþykkt að biða átekta og fylgjast með breytingu gjaldmiðla.

4. Rekstur í Fiflholtum

a. Kyndill – Sjálfvirk tæming á pottum við brennara.

Lagt fram minnisblað og kostnaðaráætlun fyrir verkið. Framkvæmdastjóri fór yfir verkefnið og lagði til við stjórn að farið yrði úti það að gera sjálfvirka tæmingu á pott við kyndil. Samþykkt.

b. Starfsmannamál, Covid 19 og viðeigandi ráðstafanir

Framkvæmdastjóri fór yfir ráðstafanir meðal starfsmanna í Fíflholtum á tímum Kórónuveirufaraldsins.

c. Framtíðaráform svæðisins / framkvæmdir til austurs.

Framkvæmdastjóri lagði fram teikningu er sýnir deiluskipulag og það svæði sem skipuleggja þarf fyrir nýja urðunarrein. Framkvæmdastjóra falið að setja í gang fyrstu skrefin að verkefninu og fá hugmynd að útliti/hönnun.

d. Hreinsun svæðis

Sagt frá hreinsun svæðis en viðbragðshópur hefur komið saman einu sinni. Vindasamt hefur verið undanfarið og talsvert oft þurft að griða til þess að loka fyrir móttöku úrgangs. Nú hefur snjó að mestu tekið upp og þá kemur betur í ljós fok á svæðinu.

e. Sigvatnshreinsun - upprifjun

Framkvæmdastjóri sagði frá því að ekki hefði tekist að setja niður brunna vegna sigvatns, sbr. úrbótaáætlun gerir ráð fyrir. Erfiðar aðstæður í mýrinni gerðu það að verkum að ekki var hægt að fara með vélar út á umrætt svæðið, eins og vonast var eftir að tækist í vetur.

5. Samningsmál við Sorpu bs. – framhald

Rætt um óformlegt erindi höfuðborgarsvæðisins um tímabundna móttöku lífræns úrgangs í tvö til þrjú ár, eða á meðan þeirra lausnir verða að veruleika. Fundarmenn ræddu samningsdrög um móttöku lífrænt úrgangs í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. og á móti að taka við óvirkum úrgangi frá höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóri upplýsti um að sá samningur væri óháður óformlegri fyrirspurn Sorpu bs. Fundarmenn settu sig á móti hugmyndinni en fólu formanni og framkvæmdastjóra að ræða við fulltrúa eigendavettvangs Sorpu.

6. Samband íslenskra sveitarfélaga

a. Fundargerð frá 13. mars sl.

Lögð fram

7. Önnur mál.

a. Brennsluofn á Suðurlandi

Rætt um erindi sem komið er til Skipulagsstofnunar.

b. Starfsmannamál.

Framkvæmdastjóri upplýsti um sumarstarfsmann.

c. Úrgangsmál á Norðurlandi, ráðstefna 1. apríl 2020

Framkvæmdastjóri sagði frá ráðstefnu sem Norðlendingar héldu í gegnum internetið. Í framhaldinu rætt um hræbrennsluofna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:55.



F U N D A R G E R Ð

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 25. maí 2020 kl. 17:00 í gegnum fjarfundabúnað

Mætt voru: Kristinn Jónasson Unnur Þóra Sigurðardóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Finnbogi Leifsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Sævar Jónsson og Karitas Jónsdóttir. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir framkvæmdastjóri..

Formaður gekk til dagskrár

1. Fundargerð síðasta fundar 17. apríl 2020

Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá Terru um tímabundna urðun í Fíflholtum.

Erindið rætt. Formaður gerði tillögu um að Sorpurðun Vesturlands tæki á móti að hámarki 400 tonnum á tímabilinu 3. ágúst til 3. desember 2020 að því gefnu að Terra fái verkefnið. Gengið var til atkvæðagreiðslu. Finnbogi sagði nei. Ásta Kristín og Karitas sátu hjá. Aðrir sögðu já.

3. Sigvatn frá urðunarstað

Framkvæmdastjóri greindi frá skoðun EFLU, verkfræðistofu á lausn sigvatnsmála á urðunarstaðnum í Fíflholtum. Markmið verkefnisins er að auka hreinsun sigvatns frá staðnum.

4. Samráðsnefnd - fundur 15. maí 2020

Lögð fram fundargerð frá 15.05.2020.

Formaður greindi frá funum samráðsnefndar sorpsamlaga SV-hornsins. Fram var lögð samþykkt fundarins er hljóðar svo:

Samráðsvettvangur Sorpsamlaga SV-hornsins samþykkir að stofnaður verði starfshópur sem falið verði að móta næstu skref um undirbúning brennslustöðvar. Formanni, Líf Magneudóttur, er falið að ræða við Pál Guðjónsson um að taka að sér vinnu fyrir verkefnistjórn. Áframhaldandi vinna byggi m.a. á stoðum þeirrar vinnu sem unnin hefur verið fyrir eigendavettvang Sorpu bs.

Greindi formaður frá fundi samráðsnefndar fyrr í dag en þar var samþykkt að koma á fót starfshópi til að vinna forathugun á brennslustöð fyrir SV-hornið. Inni í þeirri vinnu verður einnig kannað með kosti og galla á að flytja út sorp.

Fundarmenn fögnuðu verkefninu. Gerð var grein fyrir því að verkefnið yrði kynnt fyrir sveitarfélögum með fundi .

5. Önnur mál

Aðalfundur verður haldinn 15. júní n.k. kl. 13 á Hótel Hamri.

Stjórnin lagði að Kristni Jónassyni að halda áfram stjórnarsetu og helst formennsku. Stór og mikilvæg verkefni eru nú framundan á vettvangi úrgangsmála og gott að hafa vana menn í brúnni á þeim tímapunkti sem upp er.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30

Hrefna B Jónsdóttir

Fundargerð 422. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, mánudaginn 27. apríl kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Lúðvík Geirsson og Björn Arnaldsson.

Rebekka Hilmarsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 421. fundar - 1909002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 421. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 20. mars 2020.

Fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta viðverufundi.

2. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2019 - 2004002HA

Lögð fram drög að ársreikningi hafnasambandsins fyrir árið 2019

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.

3. Vorfundur 2020 - 1910003HA

Rætt um fyrirhugaðan vorfund hafnasambandsins 2020.

Samþykkt að fresta fyrirhuguðum vorfundi hafnasambandsins.

4. Rekstur hafna - áhrif COVID-19 - 2004003HA

Rætt um áhrif COVID-19 á rekstur hafna.

Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkir að láta gera úttekt á stöðu hafnasjóða í ljósi Covid-19. Formanni og starfsmanni falið að vinna að málínu.

Guðmundur Kristjánsson fór af fundi kl. 12:00.

**5. Orkuskipti í höfnum og haftengdri starfsemi - beiðni um upplýsingar -
2004001HA**

Lagður fram tölvupóstur frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 7. apríl 2020, þar sem óskað er eftir upplýsingum um verkefni á sviði orkuskipta sem hægt væri að ráðast í.

Stjórn hafnasambandsins hvetur hafnir til að bregðast sem fyrst við erindi ráðuneytisins.

Fundi var slitið kl. 12:15

Gísli Gíslason

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Lúðvík Geirsson

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson

Fundargerð 883. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 8. maí kl. 08:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Árman Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Bjarni Jónsson og Eyþór Laxdal Arnalds boðuðu forföll en varamenn þeirra höfðu ekki tök á að sitja fundin í þeirra fjarveru.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 882. fundar - 1909023SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 882. fundar stjórnar sambandsins frá 29. apríl 2020.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta fundi sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

2. Staða kjaramála og áskoranir - 1905033SA

Lagt fram bréf umboðsmanns barna, dags. 4. maí 2020, um vinnustöðvun félagsmanna Eflingar, ásamt áskorunum foreldrafélags Álfhólsskóla, dags. 29. apríl 2020, foreldrafélags Kársnesskóla, dags. 30. apríl 2020, og stjórnar foreldrafélaga í leikskólum og grunnskólum Kópavogsþær, dags. 2. maí 2020. Sviðsstjóri kjarasviðs gerði grein fyrir stöðu kjaramála og svaraði spurningum stjórnarmanna.

3. Yfirlit um verkefni starfsmanna sambandsins - 2004026SA

Lagt fram kynningar yfirlit um helstu verkefni starfsmanna sambandsins síðustu two mánuði, dags. 6. maí 2020. Fram kom að mikið álag hefur verið á starfsfólk sambandsins seinustu misserin og að verkefnum hafi fjölgæð.

4. Fundur með bæjar- og sveitarstjórum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka - áhrif COVID-19 - 2005005SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 5. maí 2020, um samantekt frá fundi sambandsins með bæjar- og sveitarstjórum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga

Miklar umræður fóru fram og stjórn sammæltist um helstu áherslur í verkefnum sem formaður, varformaður og framkvæmdastjóri munu fylgja eftir á fundum með fulltrúum ríkisins.

Þórdís Lóa fór af fundi kl. 10:00.

5. Staða mála og viðbrögð vegna COVID-19 - 2003041SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til fjármála- og efnahagsráðherra, forsætisráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 27. apríl 2020, um viðbrögð við áhrifum COVID-19 á fjárhag sveitarfélaga og bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og forsætisráðherra, dags. 29. apríl 2020, um stöðu mála vegna COVID-19 í einstökum landshlutum.

Þórdís Lóa kom inn á fundinn kl. 10:25.

6. Aðgerðir á Norðurlöndum fyrir sveitarfélög og efnahagsaðgerðir

Evrópusambandsins - COVID-19 - 2004012SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 6. maí 2020, um aðgerðir á Norðurlöndum við sveitarfélög. Einnig lagt fram minnisblað forstöðumanns Brusselskrifstofu og sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 28. apríl 2020, um yfirlit um efnahagsaðgerðir Evrópusambandsins í tengslum við COVID-19.

7. Tilnefning í vinnuhóp um skráningarkerfi grunnskólanemenda - óskað tilnefninga - 2004008SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 27. apríl 2020, þar sem Valgerður Ágústsdóttir og Þórður Kristjánsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðbjörg Linda Udengard og Vigfús Hallgrímsson frá Grunni, Samtökum fræðslustjóra, og Álfheiður Einarsdóttir og Þorsteinn Sæberg Sigurðsson frá Skólastjórafélagið Íslands, eru tilnefnd í vinnuhóp um skráningarkerfi grunnskólabarna.

8. Tilnefning í stýrihóp um málefni fanga - 2004021SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 29. apríl 2020, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í stýrihóp um málefni fanga.

9. Umsögn við aðgerðarpakka 2 og frumvarp til fjáraukalaga - 2003041SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 27. apríl 2020, um ábendingar við aðgerðarpakka 2 og frumvarp til fjáraukalaga, 724. og 726. mál.

10. Umsögn um frumvarp til laga um upplýsingalög - réttarstaða þriðja - 2005003SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 5. maí 2020, um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila), 644. mál.

Fundi var slitið kl. 10:30

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Pórhallsdóttir

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð 884. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, miðvikudaginn 20. maí kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmsdóttir, Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Jón Björn Hákonarson, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Gauti Jóhannesson.

Kristján Þór Magnússon boðaði forföll og Gauti Jóhannesson varamaður hans sat fundinn í hans fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 883. fundar - 1909023SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 883. fundar stjórnar sambandsins frá 8. maí 2020.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta fundi sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir kom inn á fundinn kl. 12:10.

2. Staða kjaramála - 1905033SA

Lagt fram trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 18. maí 2020, um stöðu kjaramála. Sviðsstjóri gerði grein fyrir stöðu kjaramála og svaraði spurningum stjórnarmanna.

3. Kjarasamningar - 1911093SA

Lagðir fram til staðfestingar kjarasamningar milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Dýralæknafélags Íslands, Félagsráðgjafafélags Íslands, Iðjuþjálfafélags Íslands, Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Sálfræðingafélags Íslands og Proskapjálfafélags Íslands, dags. 8. maí 2020, og Eflingar stéttarfélags, dags. 10. maí 2020, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningum á samningunum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða kjarasamninga við ofangreind stéttarfélög. Jafnframt fagnar stjórnin því að samningar hafi náðst sem byggja á lífskjarasamningunum sem almennur samhugur er um í þjóðféluginu.

4. Fundir Jónsmessunefndar - 2001057SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 22. apríl og 13. maí 2020. Einnig lögð fram vegna 5. liðar fundargerðar Jónsmessunefnda frá 13. maí 2020, skipunarbréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 11. maí 2020, þar sem Halldóra Káradóttir, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Dan Jens Brynjarsdóttir, fjármálastjóri Akureyrarbæjar, fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga eru skipuð í greiningarhóp um fjármál sveitarfélaga. Að auki lagt fram uppfært yfirlit yfir minnkað starfshlutfall - atvinnuleysi og minnisblað frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags 19. maí 2020, um aðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og áhrif þeirra gagnvart sveitarfélögum. Einnig glærukynning frá fjármálaráðuneytinu um umfang á aðgerðum stjórnvalda.

5. Fjárbörf sveitarfélaga vegna COVID-19 - 2005023SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins til Jónsmessunefndar, dags. 13. maí 2020, um fjárbörf sveitarfélaga 2020-2021. Einnig lagt fram minnisblað Byggðastofnunar, dags. 12. maí 2020, um áhrif hruns ferðabjónustu vegna COVID-19 á sveitarfélögum. Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs gerði grein fyrir stöðu mála.

Jón Björn Hákonarson kom inn á fundin kl. 12:55.

6. Upplýsingar um samráðsfund með fulltrúum ríkisstjórnarinnar - 2003041SA

Gerð var grein fyrir samráðfundi sem formaður, varafirmaður og framkvæmdastjóri sambandsins áttu fund með forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra fimmtudaginn 14. maí sl., en borgarstjóri sat einnig fundinn. Tilefni fundarins var að ræða ítrekaðar óskir fulltrúa sambandsins um að fjalla um tvennar samþykkir stjórnar sambandsins frá 24. og 29. apríl 2020 um nauðsyn þess að ríkisvaldið komi að málum með beinum fjárhagslegum stuðningi við sveitarfélögum og almennum og sérstökum aðgerðum til að mæta þeirri stöðu sem komin er upp.

Formaður sambandsins upplýsti að fulltrúar ríkisstjórnarinnar væru ekki tilbúnir að ákveða tilteknar aðgerðir til stuðnings sveitarfélögum að svo stöddu. Fram kom að almennar aðgerðir hefðu ekki verið til skoðunar heldur frekar hugsanlega sértækar gagnvart þeim sveitarfélögum sem efnahagsprórunin kemur verst við. Sammælst var um að fylgjast sameiginlega með framvindu í fjármálum sveitarfélaga næstu vikur og mánuði og staðan metin að nýju í ljósi þróunarinnar. Ákveðið var að þessi sami hópur myndi hittast að nýju eftir u.p.b. mánuð og fara yfir stöðuna. Fundarmenn voru sammála um fulltrúar sambandsins komi að mótu þeirra aðgerða af hálfu ríkisins sem beinast að sveitarfélögum.

Stjórn leggur áherslu á að hópurinn fundi aftur sem fyrist svo hægt verði að kynna nýjar upplýsingar á næsta stjórnarfund sem verður 12. júní nk. Stjórn leggur einnig áherslu á að sambandið komi að útfærslu aðgerða sem snúa að sveitarfélögum.

7. Aðgerðapakkar og viðspyrnuáætlun vegna COVID-19 - staða - 2003041SA

Lagt fram yfirlit yfir aðgerðir í aðgerðarpökkum 1 og 2 vegna COVID-19 sem varða sveitarfélöginn. Einnig kynnt rafræn útgáfa sem er aðgengileg á vef sambandsins og verður uppfærð m.v. þróun mála.

8. Fyrirspurn um vinnubrögð hjá sambandinu - 2005030SA

Lagt fram bréf Þrastar Friðfinnssonar, sveitarstjóra Grýtubakkahrepps, dags. 17. maí 2020, um fyrirspurn um vinnubrögð hjá sambandinu, sem stílað var á sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs.

Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu m.v. umræður á fundinum.

9. Krafa um auknar upplýsingar frá Skattinum - 2005031SA

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs greindu frá samskiptum við Skattinn um nauðsyn þess að fá upplýsingar um tekjur sveitarfélaga frá stofnuninni. Eftirfarandi bókun og greinargerð samþykkt:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áréttar mikilvægi þess að sveitarfélög fái haldgóðar upplýsingar um mikilvægasta tekjustofn sinn, útsvarið. Slík upplýsingagjöf býður einnig upp á aukið samstarf sveitarfélaga og Skattsins um bætt skattskil. Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að taka þessi mál upp við yfirstjórn Skattsins.

Greinargerð

Útsvar er stærsti tekjustofn sveitarfélaga. Yfirsýn yfir samsetningu útsvarsins, m.a. eftir atvinnugreinum, og þróun þess er mikilvæg forsenda fyrir fjármálastjórn þeirra. Nauðsynlegt er að geta greint breytingar í staðgreiðslu útsvars enda kunna að felast í þeim mikilvægar vísbendingar um þróun staðbundins atvinnulífs. Mikilvægi þessa hefur aldrei verið meira en einmitt núna þegar atvinnuleysi nær hærri hæðum en áður hefur þekkst með skelfilegum áhrifum á fjármál sveitarfélaga. Til þess að sveitarfélög geti brugðist við lækkandi tekjum er nauðsynlegt að hafa áreiðanlegar rauntímaupplýsingar sem forsendu fyrir aðgerðum.

Einu upplýsingarnar er sveitarfélög hafa almennt fengið frá Skattinum er álagningarskrá fyrir íbúa sveitarfélagsins sem gaf ákveðnar vísbendingar um þróunina. Nú hefur Skatturinn einnig hætt að afhenda álagningarskrár og fá því sveitarfélög í dag engar upplýsingar frá Skattinum um álagningu útsvars. Vekur það furðu þar sem um er að ræða tekjustofn sveitarfélaga er Skatturinn innheimtir fyrir þeirra hönd. Auk þess hafa sveitarstjórnir rétt til að kæra útsvarsálagningu til ríkisskattstjóra og áfrýja úrskurðum til yfirskattanefndar, skv. 31. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Vandséð er hvernig þau geti nýtt þann rétt, án aðgangs að álagningarskrám.

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar hefur haft frumkvæði að viðræðum við Skattinn um upplýsingagjöf til sveitarfélaga um útsvarstekjur. Farið hefur verið fram á mánaðarlegar upplýsingar um fjölda greiðenda, skiptingu launagreiðenda eftir atvinnugreinum sem og fleiri mikilvægar upplýsingar. Þrátt fyrir ágætar undirtektir Skattsins við þessari málaumleitan hafa efndir verið minni en vænst var.

10. Aukaframlag vegna sóknaráætlana landshluta vegna COVID-19 - 1909031SA

Lagt fram til kynningar afrit af bréfi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 6. maí 2020, um aukaframlag til sóknaráætlana landshluta vegna COVID-19. Gunnar Einarsson gerði grein fyrir málínú.

11. Umsögn um drög að reglugerð um framlög jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk 2020 - 2003011SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 7. maí 2020, um drög að reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á árinu 2020. Samþykkt var svohljóðandi bókun:

Stjórn sambandsins lýsir miklum áhyggjum af því höggi sem að óbreyttu verður á fjárstremi til þjónustu við fatlað fólk. Verði ekkert að gert gæti sú staða komið upp að sveitarfélögum sé ókleift að sinna lögbundinni þjónustu á þessu sviði. Stjórnin kallar eindregið eftir því að brugðist verði hratt og örugglega við með skipan starfshóps sem vinni tillögur að aðgerðum. Markmiðið verði að bæta jöfnunarsjóði, og þar með sveitarfélögunum, upp þann samdrátt í tekjum til þessa viðkvæma málaflokks sem ella er viðbúið að skelli á með fullum þunga þegar líður á árið og kemur til viðbótar þeim halla sem þegar er á málaflokknum.

12. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða - markmið og hlutverk - 2005017SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 13. maí 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða (markmið og hlutverk), nr. 75/2011, 712. mál.

13. Umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna - átak í fráveitumálum - 2005018SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. maí 2020, um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, með síðari breytingum (átak í fráveitumálum), 776. mál .

Fundi var slitið kl. 14:30

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

Gauti Jóhannesson

framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð 58. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 8. maí kl. 09:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Baldur Smári Einarsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Fannar Jónasson og Liv Aase Skarstad.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Breyting á reglugerð um veiðar á grásleppu 2020 - 2005001SU

Sjávarútvegsráðherra undirritaði reglugerð um stöðvun veiða á grásleppu þann 30.04.2020. Ástæðan sem gefin er upp er að fyrirséð sé að veiðarnar nálgist ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar um heildarafla ársins. Með reglugerðinni eru grásleppuveiðar bannaðar frá og með miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 3.maí. Heimilt verði þó að gefa út leyfi til veiða á Breiðafirði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Samkvæmt reglugerð nr. 407/2020 um bann við hrognkelsaveiðum árið 2020 sem gefin var út 30. apríl sl. voru grásleppuveiðar bannaðar frá og með miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 3. maí sl. Ákvörðunin var tekin til samræmis við ráðleggingar Hafrannsóknarstofnunar. Ljóst er að þessi ákvörðun hefur mikil áhrif, einkum á byggðarlög á vestanverðu landinu, þar sem útgerðum hefur víða ekki tekist að nýta nema lítinn hluta veiðidaga. Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga vill af þessu tilefni áréttu mikilvægi þess að stjórnvöld byggi ákvárdanir sínar á skýrum almennum forsendum. Stjórnin leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að leitast sé við að tryggja fyrirsjánleika í sjávarútvegi þar sem því verður viðkomið og skapa þannig betri forsendur fyrir langtímaætlanir og fjárfestingar einstaklinga og fyrirtækja. Grásleppuveiðar eru að mestu stundaðar frá minni sjávarbyggðum, sem margar hverjar eiga nú þegar undir högg að sækja.

Af þeim sökum er brýnt að ákvárdanir séu sem mest teknar að höfðu samráði við hagsmunaaðila og með nægum fyrirvara og forðast þannig að rekstarhæfi lítilla útgerða sé stefnt í voða.

Fundi var slitið kl. 09:30

Gauti Jóhannesson

Baldur Smári Einarsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Fannar Jónasson

Liv Aase Skarstad



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Borgarnesi 14.05.2020

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Efni; Aðalfundarboð

Hér með er að nýju boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi mánudaginn 15 júní 2020. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands. Fulltrúar á aðalfundi SSV hafa jafnframt seturétt á öðrum aðalfundum sem fram fara þann dag, en rétt er að geta þess að sveitarfélögin þurfa að tilkynna hver fer með atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd á þeim fundum.

Dagskrá mánudaginn 15 júní verður sem hér segir:

- | | |
|----------|--|
| Kl.09.30 | Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands |
| Kl.10.15 | Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands |
| Kl.11.15 | Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands |
| Kl.12.15 | Hádegisverður |
| Kl.13.00 | Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands |
| Kl.14.00 | Kynning á rekstri Markaðsstofu Vesturlands. |
| Kl.14.30 | Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi Hér undir verður lagður fram ársreikningur þjónustusvæðis Vesturlands um málefni fatlaðra. |

Eftirtaldir dagskrárlíðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;


- Skýrsla stjórnar, félaga og rekstrareininga, sem SSV ber ábyrgð á um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningar SSV og þeirra félaga sem SSV ber fjárhagslega ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Kosning stjórnar og varastjórnar
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Á aðalfundinum verður kosin ný stjórn. Í 6 gr. laga SSV segir svo varðandi stjórnarkjör;

„Stjórn SSV skal skipuð 12 mönnum. Sveitarfélag með 3.000 íbúa eða fleiri skal eiga two stjórnarmenn en sveitarfélag með færri en 3.000 íbúa skal eiga einn stjórnarmann. Að fengnum tilnefningum sveitarfélaganna skal aðalfundur kjósa stjórn til tveggja ára í senn. Kjósa skal sérstakan varamann fyrir hvern aðalmann í stjórn. Formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi. Komi upp sú staða að stjórnarmaður eða varamaður í stjórn missi umboð sitt eða láti af stjórnarsetu á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum skal kjósa nýjan fulltrúa í hans stað. Kosning nýrra fulltrúa getur farið fram á aðalfundi eða á haustþingi að fenginni tilnefningu viðkomandi sveitarfélags. Stjórnin kýs varaformann og ritara úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Falli atkvæði jafnt á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns útslitum. Sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn þrjú kjörtímabil í röð, þ.e. sex ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár. Formaður sem hefur verið kjörinn tvö kjörtímabil í röð, þ.e. fjögur ár, er ekki kjörgengur til formennsku næstu tvö árin..“

Við óskum því eftir að sveitarfélögin sendi undirrituðum tilnefningar á aðal- og varamönnum sínum eigi síðar en 11 júní n.k.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2019 verða send sveitarfélögum fyrir aðalfundinn. Vakin er athygli á því að á Haustþingi SSV í september 2019 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2020.

Virðingarfyllst

Páll S. Brynjarsson
Framkvæmdastjóri SSV



F U N D A R B O Ð

**Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf.
haldinn miðvikudaginn 15. júní 2020 kl. 13
á Hótel Hamari, Borgarbyggð.**

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Ársreikningar félagsins.
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Lagabreytingar
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.
8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Stjórnin

Til allra sveitarstjórna

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Láanasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn föstudaginn 12. júní 2020 kl. 15:00 á Grand Hótel Reykjavík.

Vakin er athygli á því að allir sveitarstjórnarmenn eiga rétt á að sækja aðalfundinn svo og fulltrúar fjölmíðla skv. hlutafélagalögum (nr. 2/1995).

Dagskrá aðalfundar


1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Arðgreiðslustefna.
4. Ársreikningur 2019 lagður fram til afgreiðslu.
5. Ákvörðun um greiðslu arðs.
6. Kosning stjórnar skv. 15. gr. samþykktanna.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
8. Tillaga stjórnar um starfskjærastefnu.
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra.
10. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum Láanasjóðsins.
11. Önnur mál.

Ársreikningur fyrir árið 2019 ásamt tillögum til aðalfundar og tillögu kjörnefndar eru aðgengileg á heimasíðu Láanasjóðsins www.lanasjodur.is og á skrifstofu sjóðsins Borgartúni 30.

Til samræmis við umhverfistefnu Láanasjóðsins þá verður ársreikningurinn ekki afhentur á fundinum.

Fundinum verður streymt á heimasíðu sjóðsins www.lanasjodur.is. Til að fá aðgang að streyminu þarf að óska eftir því með tölvupósti á lanasjodur@lanasjodur.is.

Virðingarfullst
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA OHF.



Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri



Snæfellsbær
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari
Snæfellsási 2
360 Hellissandi

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2020

Reykjavík, 26. maí, 2020.

Ágæti hluthafi.

Boðað er til aðalfundar Landskerfis bókasafna hf. fimmtudaginn **11. júní** klukkan **14:30**. Að þessu sinni verður fundurinn haldinn í **fyrilestrarsal á 2. hæð í Pjóðarbókhlöðu, Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni**, Arngrímsgötu 3, 107 Reykjavík.

Dagskrá fundarins er samkvæmt 14. grein samþykkta félagsins.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar.
3. Breyting á samþykktum félagsins
4. Kosning stjórnar og endurskoðanda.
5. Meðferð hagnaðar.
6. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og endurskoðanda.
7. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins verður sendur út í tölvupósti fyrir fundinn, ásamt núgildandi samþykktum þess.

Virðingarfyllst, fyrir hönd stjórnar Landskerfis bókasafna hf.,

Sveinbjörg Sveinsdóttir
framkvæmdastjóri

Tillaga til Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

frá Öldungaráði Snæfellsbæjar

„Öldungaráð Snæfellsbæjar beinir því til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar að taka til athugunar að bjóða eldri borgurum upp á akstur í og úr félagsstarfi, í reglubundna þjálfun, til læknis, innkaup í verslun eða hársnyrtingu.

Greinagerð:

Í ýmsum sveitafélögum er boðið er upp á akstur í og úr félagsstarfi, í reglubundna þjálfun eða til læknis o.fl. Þessa þjónustu þarf að panta deginum áður og viðkomandi greiðir ákveðna upphæð fyrir. Í okkar samfélagi eru einstaklingar sem búa einir, hafa ekki bíl til afnota og engin ættingi býr á svæðinu og þarf alltaf að vera upp á aðra komin með alskonar þarfir. En vissuleg er verið að aka fólkí á Klif á miðvikudögum, en sú þjónusta nær ekki yfir allar þarfir eldri borgara og stundum reynist fólkí erfitt að komast upp í stóra rútu.

Kristinn Jónasson

From: Motorcrossklúbbur Snæfellsbæjar <mxolafsvik@gmail.com>
Sent: mánudagur, 11. maí 2020 21:19
To: Kristinn Jónasson
Subject: Motocrossklúbbur SNB

Sæll Kiddi.

Þessi tölvupóstur kemur í framhaldi af símtalinu sem við áttum saman um styrk til Motorcrossklúbbs Snæfellsbæjar. Við vildum bara renna yfir það sem stendur til hjá okkur í sumar og hvers vegna við þurfum fjárhagsaðstoð til að láta enda ná saman.

Við héldum Íslandsmót sumarið 2019 við mjög góðar undirtektir í mótorcross samfélaginu sem og fólk í bæjarfélaginu og höfum við tekið eftir töliverðri aukningu í sportinu í Snæfellsbæ. Það var ákveðið í veturn að halda ekki móti núna í sumar en í staðinn verður það nýtt í að betrumbæta brautina til muna og einnig aðstöðuna okkar á svæðinu. Þetta er gert til að einfalda okkur vinnu og spara tíma þegar við höldum aftur móti 2021.

Klúbburinn fjárfesti núna um daginn í rörum fyrir brautina, fyrir hátt í 700.000 kr, og var þessi peningur nánast allur ágóðinn okkar af keppninni í fyrra.

Mikið vatn er alltaf á svæðinu á haustin og fram á vor, jafnvel sumar. Við ætlum að grafa niður þessi rör á nokkrum stöðum og einnig dreanskurði, þá til að veita vatninu framhjá brautinni svo hún þorni fyrr. Einnig þarf að bæta efni inn í brautina, en á 20 árum hefur talsvert skolast burt og fokið úr. Yfir sumarið þarf líka að viðhalda braut fyrir iökendur svo hægt sé að uppfylla staðla og öryggisreglur MSÍ (Mótorhjólasamband Íslands).

Við reiknum með að framkvæmdir muni kosta klúbbinn um 500.000 kr í sumar. Starfsmenn og eigendur véla ætla að gefa vinnuframlag sitt sem styrk til klúbbsins, en það þarf samt sem áður að greiða fyrir olíu á beltavél, hjólaskóflu og trailer til keyra efni í braut.

Það er von okkar að Snæfellsbær geti styrkt klúbbinn um þá fjárhæð, í þessu mikla verki, við að koma okkar ástykæru braut í sitt besta form svo við getum haldið áfram að stækka sportið í Snæfellsbæ.

Fyrir hönd Motorcrossklúbbs Snæfellsbæjar,

Janus Jónsson & Albert Fannar Jónsson

Hvítahúsi, 12. maí, 2020

Til bæjarstjóra Snæfellsbæjar, Kristins Jónassonar

Efni: Umsókn um styrk vegna niðurgreiðslu á námskeiðsgjaldi fyrir börn og unglings.

Ég undirrituð, fer þess á leit við Snæfellsbæ að mér verði veittur styrkur vegna myndlistanámskeiða barna og unglings í Hvítahúsi í Krossavík dagana 6. – 10. júlí næstkomandi, þriðja árið í röð. Námskeiðin sumarið 2018 og 2019 voru fullbókuð og luku með veglegri sýningu á verkum barnanna.

Fyrirhuguð eru tvö námskeið. Annað fyrir börn á aldrinum 6-10 ára (fyrir hádegi) og hitt fyrir 11-16 ára (eftir hádegi). Námskeiðin standa í viku hvort.

Viðfangsefni námskeiðanna verða í stuttu máli tengd myndlist og náttúru þar sem lögð er áhersla á útvist. Umsjón með námskeiðunum hefur undirrituð.

Áætlað þáttökugjald námskeiðs er kr. 23.000.- á barn. Í þeim kostnaði felst allur efniskostnaður, kennsla og létt hressing. Húsnæði er á vegum eigenda Hvítahúss.

Farið er þess á leit við Snæfellsbæ að veita undirritaðri styrk sem nemur a.m.k. hálfu þáttökugjaldi hvers þáttakanda. Áætlað er að á hvoru námskeiði verði sex til tíu þáttakendur.

Myndlistarnámskeið eru almennt dýr námskeið þar sem efniskostnaður er töluverður. Óskað er eftir styrk frá Snæfellsbæ sem niðurgreiðslu á þáttökugjaldi svo kostnaður megi vera að einhverju leyti sambærilegur við kostnað annarra námskeiða fyrir börn og unglings í Snæfellsbæ s.s. leikja-, leiklistar- og íþróttanámskeiða svo dæmi séu tekin.

Með framboði á vönduðu myndlistarnámskeiði fyrir börn og unglings tel ég að komið sé til móts við fleiri einstaklinga um val á tómstundum en annars væri. Myndlistarnámskeið fyrir börn og unglings eflir um leið menningarflóru bæjarins.



Að lokum langar undirritaðri að geta þess að ef af styrkveitingu þessarri verður þá mun það koma skýrt fram í öllum auglýsingum og umfjöllunum um barna- og unglanganámskeið í Hvítahúsi ásamt merki Snæfellsbæjar að sjálfsögðu. Einnig óska ég eftir að námskeiðin í Hvítahúsi sem ætluð eru börnum og unglungum verði auglýst á vef Snæfellsbæjar með öðrum sumarnámskeiðum.

Með þökkum og von um jákvæð viðbrögð,
Elva Hreiðarsdóttir
elvahre@vortex.is
www.hvitahus.is
Elva Art á Facebook

Aðeins um fólk i Hvítahúsi

Elva Hreiðarsdóttir er fædd og uppalin í Ólafsvík, f. 1964. Hún festi kaup á Hvítahúsi í mars 2017 ásamt eiginmanni sínum Halldóri E. Eyjólfssyni. Þar reka þau ýmsa menningartengda starfsemi t.d. leigu á vinnuaðstöðu fyrir listamenn og ýmiss konar menningartengt námskeiðahald ásamt fleirum. Elva er menntaður myndlistarkennari (Kennaraháskóli Íslands) og myndlistarmaður (Listaháskóli Íslands) og hefur áratuga reynslu af kennslu myndlistarnámskeiða fyrir alla aldurshópa. Halldór er grafískur hönnuður.

Með bestu kveðjum,
Elva Hreiðarsdóttir
s. 6924440



Fyrirspurn á bæjarstjórnarfundi 4. júní 2020

Fulltrúar J-listans í bæjarstjórn Snæfellsbæjar óska eftir útskýringum á fyrirkomulagi á útboði á viðgerð á grjóthleðslu í Bæjargilinu í Ólafsvík. Hvoru tveggja er óskað eftir skýringum á því hvernig var staðið að útboðinu og hver sé í forsvari fyrir það.

2. júní 2020

J-listinn í Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Snæfellsbær 2. júní 2020

Tillaga um tímabundinn afslátt af gatnagerðargjöldum

Við undirritaðir bæjarfulltrúar D-listans gerum að tillögu okkar að gefinn verði tímabundinn 90% afsláttur af gatnagerðargjöldum af tilgreindum íbúðarlóðum í þéttbýli Snæfellsbæjar. Afslátturinn gildir frá 1. júní 2020 til 1. maí 2021.

Lóðirnar sem um ræðir sjást á meðfylgjandi skjölum:

Ólafsvík: að undanskildum lóðum við Fossabrekku 5-15.

Rif: að undanskildum lóðum við Háarif A-H.

Hellissandur: engar lóðir undanskildar.

Björn H. Hilmarsson
Auður Kjartansdóttir
Júníana B. Óttarsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson



Lausar lóðir fyrir íbúðarhús í Ólafsvík

| | | | | | | | | | | | |
|---|----------------|--------------------|---|--------------|----------------------|---|----------------|----------------------|----|----------------|----------------------|
| A | Engihlið 12 | 644 m ² | J | Skipolt 15 | 960 m ² | 1 | Fossabrekka 3 | 1.042 m ² | 9 | Fossabrekka 7 | 868 m ² |
| B | Brautarholt 23 | 703 m ² | K | Skipolt 17 | 1.244 m ² | 2 | Fossabrekka 2 | 1.042 m ² | 10 | Fossabrekka 6 | 993 m ² |
| C | Brautarholt 25 | 703 m ² | L | Miðbrekka 3 | 1.023 m ² | 3 | Fossabrekka 1 | 1.043 m ² | 11 | Fossabrekka 12 | 1.206 m ² |
| D | Brautarholt 27 | 702 m ² | M | Miðbrekka 7 | 1.018 m ² | 4 | Fossabrekka 5 | 1.317 m ² | 12 | Fossabrekka | 882 m ² |
| E | Brautarholt 29 | 909 m ² | N | Miðbrekka 9 | 776 m ² | 5 | Fossabrekka 11 | 395 m ² | 13 | Fossabrekka | 792 m ² |
| F | Brautarholt 31 | 910 m ² | O | Miðbrekka 11 | 746 m ² | 6 | Fossabrekka 10 | 350 m ² | 14 | Fossabrekka | 792 m ² |
| G | Vallholt 21 | 950 m ² | P | Túnbrekka 4 | 658 m ² | 7 | Fossabrekka 9 | 350 m ² | 15 | Fossabrekka | 895 m ² |
| H | Vallholt 23 | 962 m ² | Q | Túnbrekka 21 | 838 m ² | 8 | Fossabrekka 8 | 400 m ² | | | |
| I | Vallholt 25 | 974 m ² | R | Hábrekka 17 | 932 m ² | | | | | | |
| | | | S | Hábrekka 19 | 936 m ² | | | | | | |

Löðurblað betta er umnið á upprétta loftmyndagrunn
frá Hnit ehf. Öll hnit eru í lén 93.

50 m

Lóðayfirlit 1 : 5.000

Ólafsvík, iðbúðarlóðir.

HÚS OG SKIPULAG ehf, BOLHOLTI 8, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 511 1099, husk@husk.is
Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.I. kt.080654-4219
Seimra Björk Reynisdóttir, tækjiteiknar
Sverrir Ásgeirsson hönnuður

Dags. 05.05.2014.



Lausar lóðir fyrir íbúðarhús, Rifi

| | | | | | |
|---|--------|----------------------|---|------------|----------------------|
| A | Ný lóð | 1.596 m ² | I | Háarif 77 | 781 m ² |
| B | Ný lóð | 1.675 m ² | J | Háarif 79 | 834 m ² |
| C | Ný lóð | 1.824 m ² | K | Háarif 81 | 772 m ² |
| D | Ný lóð | 1.581 m ² | L | Háarif 73 | 827 m ² |
| E | Ný lóð | 1.424 m ² | M | Háarif 21 | 1.246 m ² |
| F | Ný lóð | 1.578 m ² | N | Háarif 17b | 1.068 m ² |
| G | Ný lóð | 1.797 m ² | | | |
| H | Ný lóð | 1.629 m ² | | | |

Lóðarblað þetta er unnið á upprétta loftmyndagrunn
frá Hnit ehf. Ólí hnit eru í Ísl. 93.

50 m Lóðayfirlit 1 : 5.000

Rif, íðbúðarlóðir.

HÚS OG SKIPULAG ehf, BOLHOLTI 8, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 511 1099, husk@husk.is
Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.I. kt.080654-4219
Selma Björk Reynisdóttir, tækniteiknari
Sverrir Ásgeinsson hönnuður

Dags. 05.05.2014.



Lausar lóðir fyrir íbúðarhús á Hellissandi

| | | | | | |
|---|----------------|----------------------|---|--------------|----------------------|
| A | Hellisbraut 8 | 600 m ² | L | Laufás 5 | 920 m ² |
| C | Hellisbraut 4 | 700 m ² | M | Laufás 7 | 942 m ² |
| D | Skólabraut 12 | 278 m ² | N | Helluhóll 6 | 720 m ² |
| E | Snæfellsás 6 | 960 m ² | O | Helluhóll 2 | 786 m ² |
| G | Munaðarhóli 26 | 1.041 m ² | P | Snæfellsás X | 904 m ² |
| H | Munaðarhóli 11 | 727 m ² | Q | Snæfellsás X | 1.121 m ² |
| I | Hraunás 14 | 1.063 m ² | R | Selhóll 7 | 493 m ² |
| J | Hraunás 8 | 862 m ² | | Selhóll 9 | 493 m ² |
| K | Hraunás 9 | 712 m ² | | Selhóll 4 | 878 m ² |

Lóðarblaðið petta er unnið á upprétta loftmyndagrunn
frá Samsýn ehf. Óll hnit eru í Ísn 93.

50 m

Lóðayfirlit 1 : 5.000

Hellissandur, íbúðarlóðir.

HÚS OG SKIPULAG ehf, BOLHOLTI 8, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 511 1099, husk@husk.is
Hildigundur Haraldsdóttir F.A.I. kt.080654-4219
Selma Björk Reynisdóttir, tækjiteiknari
Sverrir Ásgeirsson hönnuður

Dags. 13.02.2018.

Kristinn Jónasson

From: Sigrún Karlsdóttir <sigk@vedur.is>
Sent: mánudagur, 25. maí 2020 17:39
To: Kristinn Jónasson
Subject: RE: Vöktun svæðisins við Snæfellsjökul.

Sæll Kristinn,

Takk fyrir tölvupóstinn. Það er alveg rétt að nauðsynlegt er að bæta við mælitækjum á Snæfellsnesi til að fylgjast með forboðum vegna hugsanlegra eldgosa.

Veðurstofan hefur flokkað öll virk eldfjöll landsins miðað við hættu og er þá m.a. tekið tillit til nálægðar við byggð. Gerð hefur verið áætlun um uppbyggingu mælastöðva fyrir hvern flokk, en markmiðið er að tryggja ásættanlega vöktun eldstöðva. Hvað Snæfellsjökul varðar þá er stefnt að því að koma upp þremur jarðskjálftamælum nú í sumar. Ég vonast til að það gangi eftir, en það mun bæta verulega í getu Veðurstofunnar til að vakta svæðið og þá sérstaklega Snæfellsjökul. Við fáum þá einnig mikilvægar upplýsingar um bakgrunnsvirkni.

Varðandi GPS mæla þá er það ekki enn komið á dagskrá.

Eins og þú nefnir þá var fyrir nokkrum árum síðan farið í mælingaherferð af erlendum aðilum, yfir nokkurra vikna tímabil að mig minnir í tvö sumur. Mig minnir að á fyrra tímabilinu (sumarið 2011) hafi mælst nokkrir mjög litlir smá skjálftar. Við höfum ekki upplýsingar frá seinna tímabilinu.

Við erum að vinna að hættumati vegna eldgosa og markmiðið er að taka fyrir þau svæði sem geta orðið fyrir áhrifum á völdum eldgosa og þáttum þeim tengdum eins og jökulhlaupum. Við erum ekki komin að því að fjalla um Snæfellsjökul enn sem komið er.

Ég vona að þetta gefi upplýsingar um stöðu mála,
Bestu kveðjur
Sigrún

Sigrún Karlsdóttir, Dr. Scient.
Náttúruvártstjóri / Dir. of Natural Hazards
Veðurstofa Íslands / Icelandic Meteorological Office
Bústaðavegi 7-9, 108 Reykjavík
Tel. + web: +354 522 6000, www.vedur.is

From: Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>
Sent: föstudagur, 22. maí 2020 10:27
To: Sigrún Karlsdóttir <sigk@vedur.is>
Subject: Vöktun svæðisins við Snæfellsjökul.

Sæl Sigrún.

Fæ að senda þér þennan póst en nokkur umræða hefur verið um vöktun á svæðinu kringum Snæfellsjökul, en hún magnaðist í veturn eftir óróann í Grindavík.

Eins og þú þekkir þá eru megineldstöðvarnar Snæfellsjökull og Helgrindur (Lýsa) ekki vaktaðar og bakgrunnsvirkni þeirra og ástand er óþekkt sbr. Íslensku eldfjallasjána <http://icelandicvolcanos.is/>. Tel ég því brýnt að bæta úr því og spyr þig hver séu áform Veðurstofunnar í þeim efnum t.d. hvort að settir verði upp jarðskjálftamælar umhverfis Snæfellsjökul og Helgrindur og að einnig hvort verði komið á reglulegri vöktun á landrisi og hreyfingu jarðskorunnar umhverfis eldstöðvarnar.

Þessar eldstöðvar hafa verið virkar á síðustu 10.000 árum, sérstaklega Snæfellsjökull, og gætu skapað bráða ógn fyrir fólk og nærliggjandi byggð ef eldsumbrot verða. Gos í Snæfellsjökli gæti leitt af sér aurflóð sem rynnu niður hlíðar jökulsins og mögulegt er að gjóskuflóð gætu myndast ef sprengigos verða. Öskufall og hraunstraumar gætu einnig ógnað byggð og atvinnustarfsemi í Snæfellsbæ. Jökulhetta Snæfellsjökuls hefur bráðnað mjög hratt á síðustu árum og gæti það hugsanlega aukið líkur á að hann rumski eins og þekkt er þegar þrýstingi léttir á eldfjöllum og kvika á greiðari leið að yfirborði.

Það hafa komið hópar hingað og sett upp búnað en ég man því miður ekki hverjir voru þar á ferð en þú þekkir það eflaust.

Sem sagt, gott væri að fá svar við því, hvað áform eru hjá Veðurstofunni varðandi þessi mál.

Kveðja / Regards

Kristinn Jónasson
Bæjarstjóri Snæfellsbæ
E-mail: kristinn@snb.is
Farsími: 894-7575

Snæfellsbær
Klettsbúð 4, Hellissandi
360 Snæfellsbær

<http://www.snb.is/>

Sími: +354-433-6900
Fax: +354-433-6901



Veðurstofa Íslands | Icelandic Met Office

Bústaðavegur 7-9, 105 Reykjavík

Sími +354 522 6000

www.vedur.is | en.vedur.is

[E-mail Disclaimer](#)

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

EFS

Til sveitarstjórnna

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólgsgötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 14. maí 2020
Tilv.: SRN20010024/4.11.1

Efni: Fjármál sveitarfélaga í kjölfar COVID-19

Eins og kunnugt er hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sett lög til bráðabirgða nr. 25/2020 er heimila sveitarstjórn að víkja frá skilyrðum 1. og 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. (jafnvægisregla og skuldaregla) við stjórn sveitarfélags árin 2020-2022. Með þeirri ákvörðun löggjafarvaldsins er undirstrikað að sé þess þörf, geta sveitarstjórnir ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar eða gerð viðauka við fjárhagsáætlun, að fylgja ekki þeim viðmiðum sem jafnvægisreglan og regla um skuldahlutfall fela í sér á fyrrnefndu tímabili.

Á þessari stundu er ekki ljóst hversu mikill samdráttur í íslensku efnahagslífi verður en fram eru komnar vísbindingar að hann geti reynst það mikill að reyna muni á fjármál sveitarfélaga. Vegna þessa vill eftirlitsnefndin koma á framfæri skilaboðum til sveitarstjórnna að mikilvægt er við núverandi aðstæður að ástunda virkt eftirlit með fjármálunum og fylgjast náið með þróun rekstrarins frá mánuði til mánaðar. Gerð viðauka er við þessar aðstæður mjög gagnlegt stjórntæki og gefur forráðamönnum í sveitarfélögum mikilvæga yfirsýn um þróun fjármálanna.

Þrátt fyrir að ákvæðum 64. gr. sveitarstjórnarlaga hafi tímabundið verið breytt vill nefndin minna sveitarstjórnir á ákvæði 77. gr. sveitarstjórnarlaga en þar kemur meðal annars fram að sveitarstjórn ber ábyrgð á fjárhag sveitarfélags og að sveitarstjórn skuli gera eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga viðvart telji hún að fjármál sveitarfélags eða einstakar fjárhagslegar ráðstafanir séu ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög eða fjármál sveitarfélags stefni að örðu leyti í óefni.

Vegna fjárfestinga minnir eftirlitsnefndin á ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga um miklar fjárfestingar og skuldbindingar. Ákvæði þessi eru afar mikilvæg og rétt að standa vel að ákvörðunum á tímum sem þessum.

Megin tilgangur bréfs þessa er að hvetja sveitarstjórnir til að hafa samband við eftirlitsnefndina óski þær eftir frekari upplýsingum eða leiðbeiningum.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Þórir Ólafsson
formaður


Eiríkur Benónýsson



SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík 25. maí 2020
Tilv.: SRN20040090/4.11.0

Til sveitarstjórna landsins

Covid-19 faraldurinn hefur umtalsverð áhrif á opinber fjármál þ.e. á afkomu og efnahag ríkissjóðs og sveitarfélaga. Hvað sveitarfélögın varðar er ljóst að mörg þeirra verða fyrir verulegum búsfjum ekki síst þar sem ferðaþjónusta hefur verið umfangsmikil atvinnugrein. Nýleg samantekt Byggðastofnunar sem unnin var að tilstuðlan minni leiðir þetta í ljós en að mati Byggðastofnunar verða níu sveitarfélög fyrir hvað þyngsta högginu; eitt á Norðurlandi eystra, fimm á Suðurlandi og þriju á Suðurnesjum. Fleiri sveitarfélög verða fyrir verulegum búsfjum vegna ástandsins en yfirlit um stöðu allra sveitarfélaga er í viðaukum I og II í samantekt Byggðastofnunar.

Greiningin staðfestir að hrún ferðaþjónustunnar hefur gríðarleg áhrif á sveitarfélög landsins. Hún gefur einnig góðar vísbendingar um hvaða sveitarfélög og svæði í byggðalegu tilliti kundi að standa verst að viki. Það er afar mikilvægt að hafa skyra mynd af stöðunni til þess að stjórnvöld og sveitarfélög geti brugðist vel við og hafið uppbyggingu að nýju. Samantekta er að finna á heimasiðu ráðuneytisins. Ég hef óskað eftir því við Byggðastofnun að sambærileg greining verði unnin fyrir höfuðborgarsvæðið og er sú vinna hafin.

Ég hef góðar væntingar um að þær fjölmörgu aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur þegar gripið til í þágu atvinnulífs og samfélags, til varnar, verndar og viðspyrnu, muni draga úr neikvæðum áhrifum á fjármál sveitarfélaganna og varða leiðina fram á við til nýrrar sóknar.

Þá er hafin vinna starfshóps sem ríkisstjórnin setti á laggirnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga en hlutverk hans er að safna saman samtímaupplýsingum um fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga á árinu 2020. Afar mikilvægt er að fá sem besta mynd af fjárhagslegri stöðu allra sveitarfélaga landsins eins og hún hefur þróast það sem af er ári og fylgjast síðan náið með framvindunni út árið. Ljóst er að sveitarfélögın eru misjafnlega í stakk búin að takast á við þær óvæntu en tímabundnu aðstæður sem þau og samfélagið allt gengur í gegnum. Upplýsingarnar veita okkur hins vegar enn betri yfirsýn yfir stöðuna og hjálpa til við að meta hugsanlegar mótvægisæðgerðir.

Í vikunni verður send beiðni til allra sveitarfélaga um skil á upplýsingum um fjármál og óska ég eftir því að sveitarfélög bregðist skjótt og vel við þeirri beiðni. Mikilvægt er að verkefnið sé í forgangi svo tryggt verði að skýr yfirsýn fáist um stöðu einstakra sveitarfélaga sem fyrst.

Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á gott og náið samráð ríkis og sveitarfélaga um þessi málefni og mun tryggja að svo verði, en grundvöllur þess er meðal annars að fyrir liggi haldgóðar upplýsingar sem nýtast við stefnumótun og ákvarðanatöku.



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Sigurður Ingi Jóhannsson".

Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Kristinn Jónasson

From: Jakob Björnsson <jbj@os.is>
Sent: miðvikudagur, 20. maí 2020 15:46
To: Kristinn Jónasson
Subject: Styrkumsókn samþykkt - Styrkur til uppsetningar varmadælu - Jaðar dvalar- og hjúkrunaheimili

Sæll og blesstaður Kristinn

Ofangreind umsókn hefur verið samþykkt. Samningur því til staðfestingar verður sendur á næstu dögum. Upphæð kr. 5 m.kr.

Bestu kveðjur

Orkusjóður
Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg
603 Akureyri

Jakob Björnsson, framkvæmdastjóri
Símar: 569 6083 - 894 4280